



Alþingi
Erindi nr. P 140/344
komudagur 18.11.2011

MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. nóvember 2011

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um forvirkar rannsóknarheimildir lögreglu. 140. löggjafarþing 2011-2012. Þingskjal nr. 26 – 26. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar ofangreind þingsályktunartillaga um að fela innanríkisráðherra að vinna og leggja fyrir Alþingi frumvarp sem veitir lögreglu rými rannsóknarheimildir eða svokallaðar forvirkar rannsóknarheimildir.

Mannréttindaskrifstofan telur slíkt frumvarp geta falið í sér talsverðar umbætur við rannsóknir lögreglu og verið mikilvæg í baráttu hennar gegn hverskonar skipulagðri glæpastarfsemi.

Mannréttindaskrifstofan vill þó áréttu að með því að veita lögreglu slíkar heimildir er verið að takmarka um leið frelsi einstaklingsins til einkalífs og heimilis, þar sem að lögreglu verður gert kleift að hefja rannsóknir og eftirlit með aðilum án þess að fyrir liggi rökstuddur grunur um tiltekið afbrot sem framið hefur verið. Rannsóknin fer í raun fram áður en brot er framið og er markmiðið að koma í veg fyrir brot.

Friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu er verndað í 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Þar segir að ekki mega gera líkamsrannsókn eða leita á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema skv. dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns. Undantekning á þessari vernd er í 2. mgr. ákvæðisins þar sem kemur fram að heimilt er með sérstakri lagaheimild að skerða þetta frelsi einstaklingsins vegna réttinda annarra. Í 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu er friðhelgi einkalífs og fjölskyldu einnig verndað, í 2. mgr. hennar segir að heimilt sé að ganga á þann rétt skv. lögum ef nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, almannaheilla, til að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu manna eða siðgæði eða réttindum og frelsi annarra.

Af ofangreindum ákvæðum er ljóst að ríkjum er heimilt að ganga á rétt einstaklingsins til friðhelgis einkalífs, heimilis og fjölskyldu á grundvelli sérstaks lagaboðs sem byggir í raun á hagsmunamati. Þá eru hagsmunir ríkisins af því að vernda borgara gegn glæpum, gæta almannaheilla og þjóðaröryggis taldir vega meira heldur en hagsmunir einstaklingsins sjálfs af því að njóta þessa réttar.



MANNRETTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Ennfremur er ljóst mikilvægi þess að við skerðingu þessa réttar verður ávallt að gæta meðalhófs og tryggja að ákvæði laga sem heimila lögreglu slíkar rannsóknaraðgerðir séu skýr og afdráttarlaus og að eftirlit með framkvæmd þeirra sé tryggt. Þá er ekki nóg að kveða á um slíkt eftirlit í lagaákvæðum heldur verður eftirlitið að vera raunverulegt virkt og að nægilegt fjármagn sé tryggt til þess. Tryggja verður að þolendum slíkra rannsóknaraðgerða lögreglu verði tryggð virk úrræði til að bregðast við misnotkun þessara heimilda. Vanda verður því alla vinnu við undirbúning og vinnu slíkrar löggjafar og tryggja að allir aðilar sem koma á einhvern hátt að málaflokknum komi þar að og leitað sé eftir álitni sérfræðinga og reynsla og framkvæmd slíkra heimilda í nágrennalöndum okkar skoðuð.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Jóna Aðalheiður Pálmadóttir, lögfræðingur